


SKÓLINN BYRJAR



Nú er skólinn að hefjast og mikilvægt að huga að öryggi barna í umferðinni. Hér að neðan er að finna góð ráð og fræðslu bæði fyrir foreldra og börn. Á www.sjova.is eru einnig gagnlegar upplýsingar og hægt er að senda fyrirspurn á forvarnir@sjova.is

Á leiðinni í skólann

- Gakktu með barninu fyrstu dagana í skólann og sýndu því öruggustu leiðina.
- Farðu yfir umferðarreglurnar með barninu og hugsanlegar hættur á leiðinni.
- Sýndu barninu hvar má fara yfir götu og hvernig á að gera það rétt.
- Kenndu barninu að fara yfir götu á gangbrautum og nota umferðarljós.
- Mundu að yngri börn meta ekki umferðarhraða og fjarlægðir á sama hátt og fullordnir.
- Kannaðu hvort barnið megi koma í skólann á reiðhjól og minntu á að læsa hjólinu.
- Ítrekaðu fyrir barninu að hjóla eingöngu á gangstígum, ekki á götunni.
- Samkvæmt lögum þá eiga börn að nota hjálm á reiðhjólum þar til þau eru 15 ára.
- Farðu yfir ástand hjálmsins og stilltu hann vel á höfuð barnsins.
- Á www.sjova.is er að finna upplýsingar um rétta stillingu reiðhjólahljálma.
- Reiðhjól eiga að vera útbúin með ljósi að framan og með gliti að aftan.
- Þegar barni er ekið í skólann þá er öruggast að það fari úr bílnum við gangstétt eða göngustíg, ekki á miðju bílplani eða beint út í umferð.
- Notaðu alltaf öryggisbúnað fyrir barnið þegar ekið er í skólann, líka stuttar leiðir.

Endurskinsmerki og fatnaður

- Festu endurskinsmerki á útifatnað og skólatöskur ef slíkt er ekki til staðar.
- Farðu yfir fatnaðinn reglulega yfir veturinn og bættu við endurskini eftir þörfum.
- Styttitíð bönd í léttum bakpokum og brýnið fyrir börnum að vefja þeim ekki um hálsinn.

Þjófnaðir

- Brýnið fyrir barninu að gæta vel að verðmætum ef þau eru tekin með í skólann.
- Ekki er ráðlagt að geyma síma eða iPod í úlpum á gangi eða í ólæstum hirslum.
- Skólar tryggja almennt ekki persónulegan búnað nemenda á borð við fartölvur.
- Verðmæti eins og iPod og fartölvur fást sjaldan að fullu bætt sé þeim stolið úr skólanum.
- Á www.sjova.is er að finna upplýsingar um sérstaka fartölvutryggingu.

Innbrot – hvað á barnið þitt að gera?

- Segðu barninu að fara ekki inn ef gluggi er brotinn eða útidyrhurðin opin þegar það kemur heim og það veit að enginn á að vera heima.
- Kenndu barninu að hringja í 112. Það er alltaf hægt að hringja í 112, líka þegar inneignin er búin.
- Ef barnið er ekki með síma þá er hægt að fara til nággranna eða vinar og hringja þar.
- Ef barnið sér bíl eða manneskju fara af vettvangi þá er hægt taka niður númer bílsins og/eða leggja útlit á minnið eða taka mynd á símann.

Lyklar

- Farðu yfir það með barninu hvað það á að gera ef það gleymir lyklum og er læst úti.
- Geymdu aukalykla hjá nágrönnum eða bekkjarfélögum ef það er hægt.

Reglur um útivistartíma 1. september til 1. maí

- Þann 1. september breytast reglur um útivistartíma barna og unglunga
- Börn 12 ára og yngri mega ekki vera úti eftir kl. 20 nema í fylgd með fullordnum.
- Börn á aldrinum 13 til 16 ára skulu ekki vera úti eftir kl. 22 nema þau séu á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu.

Með kveðju,
starfsfólk Sjóvá.